

Miðvikudaginn 7. nóvember 1990.

Nr. 153/1988. **Steintak h/f**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Jóni M. Ívarssyni

(Guðný Höskuldsdóttir hrl.)

og gagnsök.

Vinnusamningur. Uppsögn. Vinnuslys. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 25. maí 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 19. sama mánaðar samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 3. ágúst 1988 að fengnu áfrýjunarleyfi 14. júlí sama ár samkvæmt sömu lagaheimild.

Aðaláfrýjandi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að kröfur gagnáfrýjanda verði verulega færðar niður. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi krefst þess aðallega, að öllum kröfum aðaláfrýjanda verði hrundið og honum dæmt að greiða sér 606.084,30 krónur með 2,5% dráttarvöxtum á mánuði af 203.330,30 krónum frá 24. mars 1987 til 6. maí sama ár, en með 30% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. júní sama ár, en með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1. júlí 1987, en með dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum af 606.084,30 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti, er beri dráttarvexti, auk lögmæltis söluskatts og virðisaukaskatts. Til vara krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og á sama hátt málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjun máls þessa nær einungis til aðalsakar í héraði.

I.

Gagnáfrýjandi hófst óbeðið handa um að bæta loftræstingu í vinnuskúr aðaláfrýjanda með þeirri aðferð, sem lýst er í héraðsdómi. Við þetta gerðist hann offari og olli á ámælisverðan hátt skemmdum á eign aðaláfrýjanda. Ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sýknu aðaláfrýjanda af kröfu gagnáfrýjanda um laun, meðan hann var óvinnufær vegna þeirra meiðsla, er hann þarna varð fyrir.

II.

Ekki er sannað, að aðaláfrýjandi hafi veitt gagnáfrýjanda áminningu að viðlögðum starfsmissi, eftir að gagnáfrýjandi sumarið 1986 kastaði nöglum þangað, sem aðrir starfsmenn aðaláfrýjanda voru að starfi.

Aðaláfrýjandi sagði gagnáfrýjanda ekki upp starfi strax eftir atvikið 19. janúar 1987, heldur þá fyrst, er gagnáfrýjandi sneri aftur til vinnu 23. mars 1987, eftir að hafa fengið bót meiðsla sinna. Kemur þó fram, að gagnáfrýjandi hafði á þessum tíma nokkrum sinnum rætt við framkvæmdastjóra aðaláfrýjanda, en ósannað er, að þær viðræður hafi snúist um annað en kröfu gagnáfrýjanda um laun, meðan hann væri óvinnufær vegna meiðsla sinna. Ber að staðfesta þá niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, að atferli gagnáfrýjanda 19. janúar 1987 réttlæti ekki fyrirvaralausá uppsögn hans án launa á uppsagnarfresti, liðlega tveimur mánuðum eftir að atburðurinn gerðist. Á hann því rétt til bóta úr hendi aðaláfrýjanda. Aðaláfrýjandi hefur gert sennilegt, að á þessum tíma hafi verið mikil eftirspurn eftir trésmiðum til starfa. Þegar það er virt, þykja bætur til gagnáfrýjanda hæfilega ákveðnar 250.000 krónur. Verður aðaláfrýjandi dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar með vöxtum svo sem í dómsorði greinir.

Aðaláfrýjanda verður dæmt að greiða gagnáfrýjanda 120.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Steintak h/f, greiði gagnáfrýjanda, Jóni M. Ívarssyni, 250.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. júlí 1987 til greiðsludags og 120.000 krónur í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. janúar 1988.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. janúar sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Jóni M. Ívarssyni, nnr. 5152-1226, Blikahólum 4, Reykjavík, með stefnu, birtri 9. júní 1987, á hendur Steintaki hf., nnr. 8463-0462, Bílds- höfða 16, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 606.084,30 ásamt 2,5% dráttarvöxtum á mánuði eða fyrir brot úr mánuði af kr. 203.330,30 frá 24.3. 1987 til 6.5. 1987, en með 30% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.6. 1987, en með 33,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.7. 1987, en með 36% dráttarvöxtum á ári af kr. 606.084,30 frá þeim degi til 1.8. 1987, en með 40,8% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.9. 1987, en með 42% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.10. 1987, en með 43,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.11. 1987, en með 45,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.12. 1987, en með 49,2 dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.1. 1988, en með 51,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skað- lausu skv. gjaldskrá LMFÍ.

Kröfur stefnda í aðalsök eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi hans skv. málskostnaðarreikningi, sbr. gjaldskrá LMFÍ.

Til vara krefst aðalstefndi þess, að bætur verði dæmdar verulega lægri en stefnandi gerir kröfu um í stefnu.

Með stefnu, þingfestri þann 1. september sl., höfðaði aðalstefndi sérstakt gagnsakarmál á hendur aðalstefnanda til greiðslu á kr. 3.980 með 3,4% mánaðarlegum dráttarvöxtum frá 1. september 1987 til stefnubirtingardags (sic), en með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum skv. l. nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 28. ágúst 1988. Þá krefst aðalstefndi málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ. Mál þetta var sameinað aðalmálinu þann 22. september s.á., og er kröfa aðalstefnda gagnsök í því máli.

Aðalstefnandi gerir þær kröfur í gagnsök, að hann verði alfarið (sic) sýknaður af kröfum gagnstefnanda og gagnstefnanda verði gert að greiða honum málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust í aðalsök og gagnsök.

II.

Málavexti kveður aðalstefnandi vera þá, að hann sé trésmiður og hafi starfað sem slíkur síðan 1971. Hann hafi verið ráðinn til starfa hjá aðal- stefnda þann 19. desember 1985. Þann 19. janúar 1987 hafi aðalstefnandi slas-

ast við vinnu sína hjá aðalstefnda. Slysið hafi orðið með þeim hætti, að aðalstefnandi, sem hafi verið ásamt öðrum smiðum í vinnuskúr á vinnusvæði aðalstefnda að Frostafold 10 - 12, Reykjavík, hafi skorið sig illa á hendi við að losa lausafag úr falsi úr glugga á vinnskúrnum. Aðalstefnandi hafi notað kúbein, er hann bankaði í gluggafagið, en svo slysalega vildi til, að kúbeinið fór í rúðuna og höndin með, og skaddaðist aðalstefnandi við það á hægri hendi, og skárust sínar sundur.

Ástæða þess, að aðalstefnandi vildi opna gluggann, hafi verið sú, að loft-ræstingu hafi verið mjög ábótavant í vinnuskúrnum. Vinnuskúr þessi hafi verið afdrep starfsmanna aðalstefnda á vinnustað.

Aðalstefnandi hafi af þessum sökum verið frá vinnu frá slysdegi 19. janúar til 23. mars 1987.

Þegar aðalstefnandi mætti síðan aftur til vinnu sinnar hjá aðalstefnda eftir veikindi sín þann 23. mars 1987, hafi honum verið sagt upp störfum fyrirvaralaust samdægurs.

Aðalstefnandi byggi kröfur sínar í fyrsta lagi á þeim staðreyndum, að hann hafi slasast við vinnu sína hjá aðalstefnda og hafi af þeim sökum verið frá vinnu frá 19. janúar 1987 til 23. mars s.á. Þá hafi aðalstefnanda verið sagt upp með ólögsmætum hætti. Honum hafi verið sagt upp fyrirvaralaust. En samkvæmt lögum nr. 19/1979 og kjarasamningi byggingamanna hafi borið að segja aðalstefnanda upp störfum með 3ja mánaða uppsagnarfresti og miða uppsögnina við mánaðamót.

Aðalstefnandi hafi orðið fyrir tjóni, þar sem hann var atvinnulaus frá 23. mars 1987, og sé því gerð krafa um greiðslu bóta á þeim forsendum.

Bótakrafa miðist við þær áætluðu tekjur, sem aðalstefnandi hafði haft á uppsagnartímanum, eða frá 1. apríl 1987 til 1. júlí 1987, ef hann hefði fengið að starfa áfram í uppsagnarfrestinum, eins og lög og kjarasamningar geri ráð fyrir.

Innheimtutilraunir hafi ekki borið árangur.

Kröfur sínar sundurliðar aðalstefnandi þannig:

A.	Staðgengilslaun 19.1. - 19.2. 1987, dskj. nr. 10 - 14 og 15 - 17	kr. 159.701,25
	Orlof af tímavinnu, dskj. 10 - 14	“ 6.677,25
B.	Dagvinnulaun 19.2. - 23.3. 1987 (209,63 x 160),	“ 33.540,80
	10,17% orlof	“ 3.411,09
C.	Staðgengilslaun 23.3. - 1.7. 1987, dskj. 32	“ 391.059,00
	Orlof af tímavinnu, dskj. 32	“ 11.695,00
	Samtals	<u>kr. 606.084,39</u>

Orlof staðgengilslauna komi af tímavinnu eingöngu, þar sem uppmæling sé reiknuð út með orlofi.

Um lagarök vísar aðalstefnandi til l. nr. 19/1979. Þá vísar hann til kjarasamnings byggingamanna, sem að stofni til hafi verið gerður 27. október 1980, gr. 12 og gr. 7.

Um vexti vísar aðalstefnandi til l. nr. 58/1960 og l. nr. 25/1987 og auglýsinga Seðlabanka Íslands um vaxtafót á hverjum tíma.

Orlofskrafan byggist á 4. kafla í áður nefndum kjarasamningi svo og l. nr. 87/1971 með síðari breytingum.

Þá vísar aðalstefnandi til meginreglna kröfuréttarins um greiðslu skaðabóta vegna vanefnda á samningum. Um málskostnað vísar hann til 12. kafla l. nr. 85/1936.

Aðalstefndi og gagnstefnandi kveður málavexti vera þá, að þann 19. janúar 1987 hafi aðalstefnandi, sem var í vinnu hjá aðalstefnda, unnið tjón á eignum aðalstefnda á vinnusvæði hans að Frostafold 10 - 12, Reykjavík. Aðalstefndi hafi verið ásamt vinnufélögum sínum í matartíma í vinnuskúr á byggingasvæði aðalstefnda, og hafi hann í æðiskasti brotið rúðu í vinnuskúrnum. Hann hafi skyndilega tekið æðiskast, eftir að menn höfðu matast, og kvartað yfir ólofti í vinnuskúrnum. Í því skyni að bæta loftið í vinnuskúrnum hafi aðalstefnandi gripið til kúbeins og reynt að losa gluggann úr vinnuskúrnum, og er það hafi ekki tekist, hafi hann í æði sínu slegið kúbeininu gegnum rúðuna. Aðalstefnandi hafi við það slasast á hendi, og hafi hann verið frá vinnu í liðlega 2 mánuði eða til 23. mars 1987.

Sýknukröfu í aðalsök byggir aðalstefndi á því, að ekki hafi verið um vinnuslys að ræða, heldur hafi aðalstefnandi á saknæman og ólögmætan hátt brotið rúðu í vinnuskúrnum og valdið aðalstefnda og sjálfum sér tjóni með þeirri háttsemi. Vegna þessarar hegðunar aðalstefnanda eigi krafa hans um laun frá 19. janúar 1987 til 23. mars s.á. ekki rétt á sér, hvorki skv. l. nr. 19/1979 né kjarasamningi byggingamanna frá 27. október 1980, en þeim reglum sé ekki ætlað að bæta starfsmanni vinnutap, er verði fyrir slysi við það að vinna tjón á eignum vinnuveitanda síns.

Þá mótmælir aðalstefndi því, að um ólögmæta uppsögn hafi verið að ræða af hans hálfu, er aðalstefnanda var sagt upp störfum fyrirvaralaust með bréfi, dags. 23. mars 1987. Með tilliti til þeirrar hegðunar aðalstefnanda að valda með saknæmum og ólögmætum hætti tjóni á eignum aðalstefnda og þess, að hann hafi vegna þeirrar hegðunar ekki getað mætt til vinnu á annan mánuð, auk þess sem aðalstefnandi hafi áður verið áminntur fyrir að ráðast að samstarfsmönnum sínum sumarið 1986 og kasta í þá þriggja tommu nöglum, svo að þeim stafaði stórhætta af (sic). Hafi aðalstefnandi þá fyrirgert rétti til uppsagnarfrests skv. lögum og kjarasamningum. Styðji aðalstefndi kröfu sína um sýknu í aðalsök við reglur skaðabóta-

réttar og reglur vinnuréttar. Þá sé því mótmælt, að loftræstingu hafi verið ábótavant í vinnuskúr aðalstefnda. Vinnuskúrin hafi verið byggður í samræmi við lög um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum nr. 46/1980 og reglugerð um húsnæði vinnustaða nr. 255/1975, og hafi Vinnueftirlit ríkisins engar athugasemdir gert við vinnuskúrinn.

Varakröfu sína byggir aðalstefndi í aðalsök á eftirfarandi atriðum:

a) Að ekki sé rétt að miða kröfu aðalstefnanda um staðgengilskaup 19. janúar til 19. febrúar við laun Hauks Sigurðssonar fyrir þann tíma, því að vegna fjarveru aðalstefnanda frá vinnu þann tíma hafi vinnuálag aukist til mikilla muna hjá Hauki Sigurðssyni. Ákvæði laga nr. 19/1979 og kjarasamnings byggingamanna frá 27. október 1980 um staðgengilskaup sé ætlað að tryggja þeim, er slasist við vinnu, fullt kaup í einn mánuð, meðan veikindi vari, en sé ekki ætlað að gera hann betur settan en hann hefði verið, ef hann hefði verið við vinnu þann tíma. Því sé rétt við útreikning staðgengilskaups aðalstefnanda að miða við laun aðalstefnanda og Hauks Sigurðssonar, áður en aðalstefnandi varð fyrir slysi, og vísist til dskj. nr. 26 - 28 í því sambandi.

b) Með þeirri háttsemi sinni að brjóta rúðu í vinnuskúr aðalstefnda hafi aðalstefnandi sjálfur átt stærstan þátt í því vinnutapi, er hann varð fyrir 19. janúar 1987 - 23. mars s.á. Með hliðsjón af eigin sök aðalstefnanda á slysi því, er hann varð fyrir, beri að lækka bótaábyrgð aðalstefnda verulega. Byggi aðalstefndi þessa kröfu sína á reglum skaðabótaréttar og kröfuréttar.

c) Aðalstefnandi hafi ekki sinnt þeirri skyldu, sem á tjónþola hvíli skv. almennum reglum kröfuréttar, að draga, svo sem kostur sé, úr tjóni sínu. Aðalstefnandi hafi orðið vinnufær að nýju þann 23. mars 1987, er honum var sagt upp störfum af aðalstefnda. Frá þeim tíma hafi aðalstefnandi engri vinnu sinnt og krefji aðalstefnda um áætluð laun til 1. júlí s.á. Á þeim tíma hafi verið mikil þensla í byggingariðnaði á Reykjavíkursvæðinu, einkum með tilkomu byggingar nýrrar verslunarmiðstöðvar í Kringlunni í Reykjavík. Aðalstefnandi hefði því hæglega getað komið í veg fyrir tekjutap frá 23. mars 1987 til 1. júní s.á. og unnið við iðn sína.

Krafa um málskostnað byggist á l. nr. 85/1936.

Málsástæður gagnstefnanda í gagnsök eru þær, að gagnstefndi hafi með ólögmætri og saknæmri háttsemi valdið gagnstefnanda tjóni á eignum hans, þar sem gagnstefndi hafi með ásetningi brotið rúðuna í vinnuskúr gagnstefnanda. Gagnstefnandi styðjist við reglur skaðabótaréttar, að því er varði bótaskyldu gagnstefnda, en við lög nr. 25/1987 varðandi vaxta-kröfuna og lög nr. 85/1936 varðandi málskostnaðarkröfuna. Heimild til gagnstefnu byggist á 49. gr. l. nr. 85/1936.

Gagnstefndi kveður málavexti vera með öðrum hætti en fram komi í

gagnstefnu. Hafi verið um opnanlegan glugga að ræða, sem stóð fastur. Hafi gagnstefndi haft í hyggju að opna þennan glugga, þar sem hér hafi verið um eina opnanlega gluggann að ræða í vinnuskúrnum, og hafi hann notað til þess kúbein, sem hann beindi að gluggaumgjörðinni. Þar sem glugginn var fastur og opnaðist ekki, hafi gagnstefndi beint kúbeininu nokkrum sinnum að gluggafaginu, en með þeim afleiðingum, að í síðustu atlögunni hafi kúbeinið lent af tilviljun í glerinu, sem hafi orðið til þess, að gagnstefndi meiddist töluvert á hendi.

Því sé algerlega mótmælt, að um ásetningsverk hafi verið að ræða, heldur óhappatilviljun, sem sé á ábyrgð gagnstefnanda, þar sem honum beri að sjá um, að eini opnanlegi glugginn á vinnuskúrnum sé opnanlegur. Það geti því varla talist ásetningsverk, þótt glugginn hafi brotnað við tilraunir gagnstefnda til að opna hann.

Megi benda á 43. gr. l. nr. 46/1980, hvað varði loftræstingu o.fl. á vinnustöðum, og setji stjórn vinnueftirlitsins reglur þar að lútandi, og sé skylt að hafa vinnuskúr loftræstan með opnanlegum glugga eða einhverjum öðrum hætti, sem teldist fullnægjandi. Þar sem slíku hafi ekki verið fyrir að fara, hafi gagnstefnda verið heimilt að opna gluggann með þeim hætti, sem hann gerði, þrátt fyrir það að svo slysalega vildi til, að glugginn brotnaði við tilraunir hans.

III.

Vitnin Ívar Már Arnbjörnsson, Haukur Sigurðsson og Örn Hauksson, sem allir voru inni í vinnuskúrnum, þegar aðalstefnandi slasaðist, hafa komið fyrir dóm og gefið skýrslu. Samkvæmt framburði þeirra svo og með hliðsjón af framburði aðalstefnanda sjálfs fyrir dómi má telja upplýst, að atvik hafi orðið með þeim hætti, að aðalstefnanda rann í skap vegna reykjarsvælu og ónógrar loftræstingar í vinnuskúrnum í umrætt sinn, og tók hann í skaphita kúbein og réðst með það á gluggann í því skyni að spenna hann úr falsinum. Ekkert vitnanna gat tjáð sig um það, hvort aðalstefnandi braut rúðuna vísitandi, og er það því ósannað, en sönnunarbyrði um það atriði hvílir á aðalstefnda. Umræddur gluggi var þannig úr garði gerður, að hann var festur í gluggafalsinn og ekki gert ráð fyrir því, að hann væri opnanlegur. Hann var t.d. ekki á hjörum. Hins vegar þurfti tiltölulega litlar aðgerðir til þess að losa hann og breyta þannig, að hægt væri að hafa hann opnanlegan. Þá er upplýst, að aðalstefnandi hafði enga heimild aðalstefnda til að breyta glugga þessum, svo að hann yrði opnanlegur. Verður því að telja, að aðalstefnandi hafi gerst offari, er hann réðst að glugganum með þessum hætti í matartíma starfsmanna. Þá liggur fyrir, að unnt var að opna útihurð og fá þannig loft inn. Þá var í skúrnum langur, mjór, opnanlegur gluggi, og liggur ekki fyrir, að

athugasemdir hafi verið gerðar við loftræstingu í skúrnum af hálfu vinnu-
eftirlitsins.

Vegna meiðsla, sem aðalstefnandi hlaut á hendi, er rúðan brotnaði, varð hann frá vinnu í liðlega tvo mánuði. Er fyrri hluti kröfu aðalstefnanda launakrafa í forföllum vegna slyssins.

Samkvæmt 5. gr. l. nr. 19/1979 skal allt fastráðið verkafólk, sem ráðið hefur verið hjá sama atvinnurekanda í eitt ár samfelld, er það forfallast frá vinnu vegna sjúkdóma eða slysa, eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, í einn mánuð. Þá skal það, hafi það verið ráðið hjá sama atvinnurekanda í samfelld þrjú ár, halda daglaunum í einn mánuð, en tvo mánuði eftir fimm ára samfellda ráðningu hjá sama atvinnurekanda. Í greinargerð, sem fylgdi frumvarpi til laga þessara, segir svo í athugasemdum um 5. grein: „...Allar þessar greiðslur skal atvinnurekandi inna af hendi, þótt veikindi séu óviðkomandi þeirri vinnu, sem launþeginn stundar, og þótt slys sé ekki í tengslum við vinnuna, svo fremi að ekki sé til að dreifa ásetningi eða gáleysi launþegans sjálfs.“ Ákvæði 5. greinar laganna ber að túlka með hliðsjón af þessum athugasemdum, enda er sýnt, að það hefur ekki verið tilgangur með lagasetningunni að skapa verkafólki skýlausan rétt til launa, ef um ásetning eða gáleysi hefur verið að ræða. Í þessu sambandi ber þó að líta svo á, að gáleysi þurfi að vera verulegt, ef viðkomandi á að missa réttindi vegna þess.

Í kjarasamningum byggingamanna frá 27. október 1980, grein 7.3., segir, að allir, sem unnið hafa í iðngreininni í eitt ár samfelld, skuli, er þeir forfallast frá vinnu vegna sjúkdóms eða slysa, eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, í einn mánuð auk dagvinnulauna í næstu 3 vikur, og hafi hann unnið í 3 ár samfelld í starfsgreininni, skal hann að auki halda dagvinnulaunum í eina viku og í fjórar vikur að auki eftir 5 ár í starfsgreininni.

Ákvæði þetta í kjarasamningnum er að mestu leyti sniðið eftir áður-
nefndri 5. gr. l. nr. 19/1979, nema hvað ákvæðið um veikindadaga er rýmra samkvæmt ákvæðum samningsins. Hins vegar verður ákvæði þetta ekki túlkað rýmra en lagaákvæðið varðandi réttinn til launagreiðslunnar, þannig að verði starfsmaður fjarverandi frá vinnu vegna slyss eða veikinda, sem stafa af ásetningi eða stórfelldu gáleysi starfsmannsins, þá þykir hann hafa glatað rétti til launa á forfallatímanum.

Eins og atvikum var háttað, er aðalstefnandi slasaðist, og að framan er rakið, verður að telja, að aðalstefnandi hafi með vítaverðu gáleysi sínu og yfiringangi valdið tjóni sínu, og ber því að sýkna aðalstefnanda af kröfum aðalstefnanda um laun á tímabilinu 19. janúar - 23. mars 1987.

Síðari hluti kröfugerðar aðalstefnanda er um staðgengilslaun í uppsagnarfresti.

Samkvæmt framburði aðilja fyrir dómi er upplýst, að aðalstefnandi fékk enga viðvörun um, að honum yrði sagt upp störfum án uppsagnarfrests, er hann sneri aftur til vinnu, og hitti hann þó fyrirsvarsmann aðalstefnda, Vigni H. Benediktsson, öðru hverju á þessu tímabili, er hann kom vikulega til að krefja um laun, sem hann taldi sig eiga rétt til í slysaförföllum sínum.

Þá er ósannað, að tiltal það, er aðalstefnanda var veitt sumarið 1986, er hann kastaði nöglum að starfsmönnum á vinnusvæði aðalstefnda, hafi verið í formi áminningar um brot í starfi.

Telja verður, að atburður sá, er varð tilefni uppsagnarinnar, geti ekki verið grundvöllur fyrirvaralausrar uppsagnar án launa í uppsagnarfresti liðlega tveimur mánuðum eftir, að atburðurinn gerðist. Ber því að taka kröfur aðalstefnanda um laun í uppsagnarfresti til greina.

Krafa stefnanda í þessum þætti málsins sundurliðast þannig:

Staðgengilslaun 23.3. - 1.7. 1987	kr. 391.059,00
Orlof af tímavinnu	“ 11.695,00
	<hr/>
Samtals	kr. 402.754,00

Krafa þessi miðast við staðgengilslaun Hauks Sigurðssonar, og er launaútreikningi ekki mótmælt.

Samkvæmt 3. og 5. mgr. 1. gr. 1. nr. 19/1979, sbr. og kjarasamning byggingamanna, gr. 12.1. og 12.1.1., á aðalstefnandi rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests, og miðast laun við mánaðamót.

Af hálfu aðalstefnda hefur því ekki verið andmælt, að greiðslur í uppsagnarfresti miðist við staðgengilslaun, en einungis haldið fram, að aðalstefnanda hafi borið að draga úr tjóni sínu, með því að nóg framboð hafi verið á vinnu í starfsgreininni á þessum tíma, og hafi aðalstefnandi hæglega getað aflað sér tekna á tímabilinu.

Ekki verður fallist á þessa mótbáru aðalstefnda, og verður þessi hluti kröfu aðalstefnanda tekinn til greina að fullu.

Eftir þessum úrslitum í aðalsök ber að dæma aðalstefnda til að greiða aðalstefnanda kr. 95.700 í málskostnað, þar með talinn söluskattur kr. 8.700.

Í gagnsök krefur aðalstefndi aðalstefnanda um greiðslur vegna skemmda á rúðu í vinnuskúr aðalstefnda.

Eins og að framan hefur verið rakið um tjónsatburðinn, verður að telja, að aðalstefnandi hafi með athæfi sínu bakað sér bótaábyrgð vegna skemmda á eignum aðalstefnda, og þar sem fjárhæð í gagnsök er óumdeild, ber að taka kröfur gagnstefnanda í gagnsök til greina að fullu, þó þannig, að vextir dæmast eins og greinir í dómsorði.

Þar sem ekki liggur fyrir, að krafa þessi hafi verið innheimt fyrr en með gagnstefnu í máli þessu, þykir rétt að taka tillit til þess við ákvörðun málskostnaðar, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 16.500, þar með talinn söluskattur, kr. 1.500.

Sigríður Ólafsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Aðalstefndi, Steintak hf., Bildshöfða 16, Reykjavík, greiði aðalstefnanda, Jóni M. Ívarssyni, Blikahólum 4, Reykjavík, kr. 402.754 ásamt 36% dráttarvöxtum á ári frá 1.7. 1987 til 1.8. 1987, en með 40,8% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.9. 1987, en með 42% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.10. 1987, en með 43,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.11. 1987, en með 45,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.12. 1987, en með 49,2% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til 1.1. 1988, en með 51,6% dráttarvöxtum á ári frá þeim degi til greiðsludags og kr. 95.700 í málskostnað.

Aðalstefnandi, Jón M. Ívarsson, greiði aðalstefnda, Steintaki hf., kr. 3.980 ásamt dráttarvöxtum skv. l. nr. 25/1987 frá 1. september 1987 til greiðsludags, og skulu dráttarvextir leggjast við höfuðstól skuldarinnar á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. september 1988. Þá greiði aðalstefnandi, Jón M. Ívarsson, aðalstefnda, Steintaki hf., kr. 16.500 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.